

# Citi Global Transformation Portfolio

## Samantekt á upplýsingagjöf vefsíðu

Reglugerð um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Sustainable Finance Disclosure Regulation, „SFDR“) krefst þess að við tökum saman upplýsingar sem veittar eru áður en samningur er gerður varðandi fjármálaafurð sem stuðla að umhverfislegum og/eða félagslegum eiginleikum, ásamt tilteknum upplýsingum sem birtast á vefsíðunni. Þessi upplýsingagjöf er veitt af Citibank Europe plc í þessum tilgangi og í tengslum við viðskiptavinum útibúsins í Lúxemborg í tengslum við Citi Global Transformation Portfolio

### Ekkert sjálfbært fjárfestingarmarkmið

Þessar fjármálaafurðir stuðla að umhverfislegum og/eða félagslegum eiginleikum en þær hafa ekki sjálfbær fjárfestingu sem fjárfestingarmarkmið.

### Umhverfislegir eða félagslegir eiginleikar fjármálaafurðarinnar

Fjármálaafurðirnar stuðla að jákvæðu framlagi til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDG), með því að fjárfesta í félögum sem hafa þýðingarmikla tengingu við eitt eða fleiri sjálfbær þemu sem við veljum (Citi GTP þemu) og samræmast einu eða fleiri heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Með þessum fjármálaafurðum er einnig leitast við að efla alþjóðlegt samkomulag Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum og beita bindandi útilokunum til að forðast fjárfestingar í tiltekinni starfsemi sem gæti skaðað heilsu fólks og velferð.

### Fjárfestingaráætlun

Eftirfarandi bindandi UFS-þáttum (umhverfis-, félags- og stjórnunarþáttum) er beitt við val á fjárfestingarferli.

(i)Við notum jákvæða skimun til að fjárfesta eingöngu í félögum sem skráð eru á alþjóðlegum markaði, þar sem rekja mátti að lágmarki 30% tekna frá síðasta reikningsári til eins eða fleiri Citi GTP þema. Telja má með öll þau félög sem uppfylla ekki þessi skilyrði, ef við teljum að þau muni ná að uppfylla skilyrðin innan þriggja ára; félög sem teljast með á þessum forsendum geta verið allt að 20% af virði fjármálaafurðarinnar; og

(ii)Við notumst við neikvæða skimun sem byggir á gögnum þriðja aðila til að útiloka: (a) félög sem hafa tekjur af framleiðslu, sölu og/eða flutningi á jarðsprengjum gegn herliði eða klasasprengjum eða af framleiðslu tóbaks, (b) félög sem talin eru brjóta gegn alþjóðlegu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum.

Stjórnunarhættir félaga sem fjárfest er í eru einnig teknir til greina við áreiðanleikakönnun fjárfestingaferla sem byggja á UFS gagnaeinkunn þriðja aðila. Vinsamlegast sjá vefsíðuna í heild sinni fyrir ítarlegri upplýsingar.

### Hlutfall fjárfestinga

Fjármálaafurðirnar eru skuldbundnar við að lágmarki 80% fjárfestinga til að ná eiginleikum sem fjármálaafurðirnar stuðla að. Það sem eftir stendur af hlutfalli fjárfestingar fjármálaafurða má vera handbært fé og ígildi handbærs fjárs, þ.m.t. verðbréf sem eru gefin út af verðbréfasjóðum á peningamörkuðum, sem haldið er fyrir hagkvæma eignastýringu. Fjármálaafurðirnar munu ekki reyna að gera sjálfbærar fjárfestingar og taka ekki tillit til flokkunarkerfis ESB og sem slík eru 0% fjármálaafurða samræmd við flokkunarkerfi. Gert er ráð fyrir að allar áhættuskuldbindingar gagnvart félögum sem fjárfest er í verði með beinum hætti.

### Eftirlit með umhverfislegum og félagslegum eiginleikum

Mögulegar fjárfestingar munu aðeins teljast með fjármálaafurðunum ef þær samræmast ofangreindum bindandi UFS-einkennum. Gögnin sem notuð eru til að mæla tekjuáhættu eru uppfærð árlega og uppfærslur fyrir takmarkanir eru ársfjórðungslegar.

### Aðferðafræði fyrir umhverfislega og félagslega eiginleika

Fjárfestingarheimur fjármálaafurðanna er takmarkaður í upphafi með jákvæðri skimun og nær til félaga sem skráð eru á alþjóðlegum markaði, þar sem rekja mátti að lágmarki 30% tekna frá síðasta reikningsári til eins eða fleiri Citi GTP þema. Telja má með öll þau félög sem uppfylla ekki þessi skilyrði, ef við teljum að þau muni ná að uppfylla skilyrðin innan þriggja ára; félög sem teljast með á þessum forsendum geta verið allt að 20% af virði fjármálaafurða.

Gögn frá þriðja aðila eru notuð sem neikvæð skimun til að ákvarða fjárfestingarheiminn frekar. Við útilokum á grundvelli tekna, í samræmi við UNGC, til að útiloka félög sem hafa tekjur af framleiðslu, sölu og/eða flutningi á jarðsprengjum gegn herliði eða klasasprengjum eða af framleiðslu tóbaks.

Við notumst einnig við neikvæðar skimanir til að útiloka félög sem talin eru brjóta gegn samkomulagi Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum. Aðferðafræði þriðja aðila gagnaveitanda er huglæg og svo kanna ð vera að við teljum hana ófullnægjandi. Við munum einnig ræða um og fara yfir einstök félög sem við höfum tilgreint sem í samræmi við alþjóðlegt samkomulag Sameinuðu þjóðanna þrátt fyrir að huglægt mat þriðja aðila gagnaveitanda samræmist ekki einkunnagjöf, og kunnum að íhuga fjárfestingu í þeim. Útilokanir sem byggja á þessari forsendu geta falið í sér allt að 20% af eignasafni. Vinsamlegast sjá vefsíðuna í heild sinni fyrir ítarlegri upplýsingar.

### Gagnaheimildir og úrvinnsla

Tekjuúthlutun til Citi GTP þema er metin út frá upplýsingagjöf beint frá opinberum félögum. Þessi gögn eru fengin beint frá félögum eða í gegnum Bloomberg og/eða Factset. Þar sem að upplýsingarnar byggja á opinberum fyrirtækjagögnum gerum við ekki ráð fyrir að þau séu áætluð. Útilokunum er beitt með því að nota gögn sem Sustainability veitir. Viðeigandi gögn eru fengin í gegnum netvang veitanda eða gagnastreymi sem við fáum frá veitanda mánaðarlega og eru þau notuð við upphaf fjárfestingarferlisins þegar fjárfestingarheimurinn er skilgreindur og fyrir reglubundið eftirlit (sjá að ofan). Við skiljum að Sustainability áætla ákveðin UFS-gögn sem við fáum vegna skorts á tiltækum gögnum.

#### Takmarkanir á aðferðafræði og gögnum

Almenn vandamál tengjast UFS-gögnum sem við gerum ráð fyrir að eigi einnig við gögnin sem við greiðum fyrir frá gagnaveitendum okkar og frá markaðinum - þau eru (meðal annars) gagnaskortur, tafir á gögnum er varða uppgæfnar tímalínur, ólíka aðferðafræði á milli gagnaveitenda og uppruna gagna fyrir útreikning eða mat á gögnum og misræmi á milli áætlaðra og uppgæfna gagna. Þar sem um er að ræða almennar takmarkanir á markaði sem hafa ekki með fjármálaferlinar eða valda gagnaveitendum að gera, teljum við að við getum staðið á viðeigandi hátt við skil á þeim þáttum sem fjármálaferlinar stuðla að. Við viðhöfum einnig innra eftirlit með seljanda og samþykktarferli sem felur í sér eftirlit með nálgun gagnaveitanda við gagnastýringu, gagnaumfang og aðferðafræði.

#### Áreiðanleikakönnun

Mögulegar fjárfestingar munu aðeins teljast með fjármálaferlinum ef þær samræmast ofangreindum bindandi UFS-einkennum, sem koma til framkvæmdar í fjárfestingarferlinu sem bindandi skimanir. Að auki leggur fjárfestingarteymi okkar á sviði UFS stund á viðvarandi innri umræður sem tengjast fjárfestingum á fjármálaferlinum.

#### Þáttökustefna

Þátttaka er ekki beinn hluti af umhverfislegu eða félagslegu fjárfestingaráætluninni sem fjármálaferlinar stuðla að. Við erum ekki með neina viðeigandi ferla fyrir ágreininga um sjálfbærni í félögum sem fjárfest er í. Engu að síður tengjumst við félögum sem fjárfest er í með umboðskosningu sem kann að beina atkvæðum til málefna sem hafa með sjálfbærni að gera.

#### Tilgreint tilvísunarviðmið

Fjármálaferlinar hafa ekki tilgreint tilvísunarviðmið í þeim tilgangi að uppfylla umhverfislega eða félagslega eiginleika viðmiðsins.

## Mikilvægar upplýsingar

Hjá Citi Private Bank tökum við gagnavernd þína alvarlega. Til að læra meira, sjá heimasíðu okkar:

<https://www.privatebank.citibank.com/privacy>

**Citibank Europe plc**, útibú í Lúxemborg, skráð hjá viðskipta- og fyrirtækjaskrá Lúxemborgar undir númerinu B 200204, er útibú Citibank Europe pl. Það er háð sameiginlegu eftirliti Seðlabanka Evrópu og Seðlabanka Írlands. Það er ennfremur háð reglum framkvæmdastjórnar fjármálaeftirlitsins (Commission de Surveillance du Secteur Financier, CSSF) í hlutverki sínu sem yfirvald gístaðildarríkis Evrópusambandsins og skráð hjá CSSF undir númerinu B00000395. Viðskiptaskrifstofa þess er á 31, Z.A. Bourmicht, 8070 Bertrange, Stórhertogadæminu Lúxemborg.

**Citibank Europe plc sætir eftirliti Seðlabanka Írlands.** Það kemur fram á Seðlabankaskrá með tilvísunarnúmer C26553 og sætir eftirliti Seðlabanka Evrópu. Skráð skrifstofa þess er á 1 North Wall Quay, Dublin 1, Írlandi. Citibank Europe plc er skráð á Írlandi með firmaskráningarnúmer 132781. Stjórn að Seðlabanka Írlands undir tilvísunarnúmeri C26553.

© 2023 Citigroup Inc. Allur réttur áskilinn. Citi og Citi með bogahönnun eru skráð þjónustumerki Citigroup eða hlutdeildarfélag þess.